

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórnarháttayfirlýsing
Arion banka hf. fyrir árið 2017



Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna bankans og almennings. Stjórnarhættir bankans leggja enn fremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti. Stjórn bankans leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti.

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. (Arion banki eða bankinn) byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Í desember 2015 hlaut Arion banki viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að undangengnu formlegu mati sem byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir tækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út. Bankinn hlaut viðurkenninguna í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum bankans, s.s. starfsháttum stjórnar, undirnefnda og stjórnenda, sem framkvæmd var af KPMG ehf. haustið 2015. Viðurkenningin gildir í þrjú ár nema verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi bankans.

Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Arion banka ber samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Bankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir tækja, 5. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015, sem aðgengilegar eru á vefsíðunni www.leidbeiningar.is. Samkvæmt leiðbeiningunum skal greint frá því hvort vikið sé frá hluta

þeirra og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum fráviks. Bankinn fylgir leiðbeiningunum, en vegna hluthafafyrirkomulags hafa verið tiltekin frávik. Verður hér greint frá þeim frávikum sem eiga við í tilviki bankans.

Grein 1.1.6 gerir ráð fyrir því að stjórn félagsins skuli gera tilteknar upplýsingar um aðila í framboði til stjórnar aðgengilegar á vefsíðu félagsins fyrir aðalfund. Umræddar upplýsingar voru bæði sendar hluthöfum og birtar á heimasíðu bankans fyrir síðasta aðalfund. Þá voru upplýsingar um aðila í framboði til stjórnar á þeim aukahluthafafundum sem haldnir voru á árinu sendar hluthöfum fyrir fundina og birtar á heimasíðu bankans í kjölfar kosninga.

Grein 1.5 gerir ráð fyrir því að hluthafafundur skipi tilnefningarnefnd eða ákveði hvernig hún skuli skipuð. Kaupskil, meirihlutaeigandi bankans tilnefnir sex af átta stjórnarmönnum í stjórn Arion banka, Attestor Capital LLP tilnefnir einn og Bankasýsla ríkisins þann áttunda. Í ljósi hluthafafyrirkomulags hefur ekki verið talin ástæða til að skipa tilnefningarnefnd.

Grein 5.1.2 gerir ráð fyrir því að starfsreglur undirnefnda stjórnar séu birtar á vefsíðu bankans. Starfsreglur lánanefndar stjórnar eru ekki birtar á vefsíðu bankans með tilliti til eðlis þeirra.

Lagarammi um starfsemina

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þau lög sem gilda að auki um starfsemi bankans eru m.a. lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og lög um hlutafélög nr. 2/1995. Bankinn er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum sínum t.d. þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og

markaðsviðskipta. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, á Íslandi, í Noregi og í Lúxemborg, og fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum um verðbréfavíðskipti og samkvæmt reglum viðkomandi kauphalla.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka, á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins, má finna á heimasíðu þess www.fme.is. Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fjármálafyrirtækja og fyrirtækja almennt.

Innra eftirlit, endurskoðun og reikningsskil


Innra eftirlit

Innra eftirlit Arion banka er skipulagt út frá þremur varnarlínum (e. three lines of defense), með það að markmiði að tryggja skilvirkni verka, skilgreina ábyrgð og samræma áhættustýringu og innra eftirlit. Skipulaginu er auk þess ætlað að stuðla að bættri áhættuvitund og ábyrgð starfsmanna bankans.

Aðferðafræðin greinir á milli eftirfarandi hlutverka:

- þau sem bera ábyrgð á áhættu og stýra henni
- þau sem hafa eftirlit og aðhald með innra eftirliti
- þau sem framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits

Í fyrstu varnarlínu eru þau sem hafa daglega umsjón með rekstri og skipulagi. Þau bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirkni innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Í þessu felst m.a. að greina og meta áhættu og koma á viðeigandi mótvægisáðgerðum til að draga úr henni. Fyrsta varnarlína hefur umsjón með innleiðingu innri reglna og ferla í samræmi við lög, reglur og stefnu bankans og ber að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við sett verklag og að gripið sé til viðeigandi úrbóta ef veikleikar koma í ljós.



Annarri varnarlínu er falið að tryggja að fyrsta varnarlínan komi á fullnægjandi innra eftirliti sem virkar sem skyldi. Áhættustýring og regluvarsla eru helstu þættirnir í annarri varnarlínunni en öðrum einingum kann einnig að vera falið tiltekið eftirlitshlutverk.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun, sem heldur stjórn og stjórnendum upplýstum um gæði stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits, m.a. með framkvæmd sjálfstæðrar og óháðrar endurskoðunar.

Regluvarsla

Regluvarsla er sjálfstæð stjórnunareining sem heyrir undir bankastjóra og starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn. Hlutverk regluvarslu er að tryggja með skilvirkum fyrirbyggjandi áðgerðum að Arion banki starfi í hvívetna í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti og stuðla að góðri fyrirtækjameningu hvað þetta varðar.

- Regluvarsla veitir yfirsýn yfir gildandi lagakröfur og ábyrgð og stuðlar að því að starfsfólk þekki og skilji skyldur sínar og fái viðeigandi fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru til verklags hverju sinni
- Regluvarsla stuðlar að því að innra eftirlit sé skilvirkt og að brugðist sé við frávikum
- Regluvarsla stendur vörð um að þjónusta bankans sé ekki misnotuð og gætir þess að bankinn þekki mótaðila sína, eðli sérhvers viðskiptasambands og skyldur sínar þar að lútandi
- Regluvarsla hvetur til gagnsæis og gætir þess að upplýsingagjöf til viðskiptavina, fjárfesta og stjórnvalda sé fullnægjandi
- Regluvarsla hvetur til ábyrgrar meðferðar trúnaðarupplýsinga

Áhættustýring

Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrirfram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu sem rúmast innan áhættuvilja (e. risk appetite) bankans sem er reglulega endurskoðaður og samþykktur af stjórn bankans. Sá áhættuvilji sem stjórn setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Stjórn ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárþörf, en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættum bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Svíðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Innan áhættustýringarsviðs starfa þrjár einingar sem gegna því hlutverki að greina, fylgjast með og gefa reglulega upplýsingar um áhættu bankans til bankastjóra og stjórnar.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í ársskýrslu og í áhættuskýrslu bankans.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og heyrir beint undir hana. Stjórn setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang vinnu hans. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, dótturfélög og lífeyrissjóði í rekstri hans.

Erindisbréf innri endurskoðanda, leiðbeinandi tilmæli FME um störf endurskoðunar eilda fjármálafyrirtækja nr. 3/2008 og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun móta endurskoðunina. Skoðunum innri endurskoðunar bankans lýkur með endurskoðunarskýrslu þar sem settar eru fram áhættumiðaðar athugasemdir með tímasettum kröfum um úrbætur. Innri endurskoðun fylgir úrbótum eftir ársfjórðungslega.

Endurskoðun og reikningsskil

Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Bankinn birtir almenningi uppgjör sín ársfjórðungslega en að jafnaði eru stjórnendauppgjör lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári. Endurskoðunarnefnd stjórnar tekur árs- og árshlutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunarnefnd stjórnar gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

Umboðsmaður viðskiptavina

Umboðsmaður viðskiptavina er skipaður af og heyrir beint undir bankastjóra. Hlutverk hans er að tryggja sanngirni og hlutlægni við úrvinnslu mála gagnvart viðskiptavinum, koma í veg fyrir mismunun og tryggja að ferli við meðferð mála sé gegnsætt og skriflegt. Umboðsmaður viðskiptavina tók til skoðunar 162 mál á árinu 2017, samanborið við 160 mál árið 2016 og 185 mál árið 2015.

Hornsteinar, siðareglur og samfélagsleg ábyrgð

Hornsteinar Arion banka eru heiti yfir gildi bankans. Hornsteinarnir eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þeir koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Hornsteinar Arion banka eru gerum gagn, látum verkin tala og komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku innan bankans. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn bankans.

Arion banki sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að gera viðskiptavinum gagn og sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki af kostgæfni og ábyrgð. Arion banki tekur virkan þátt í samfélaginu og uppbyggingu þess. Fjármálafyrirtæki eru ein af stöðum samfélagsins og hlutverk bankans er að styðja viðskiptavinum sína, bæði einstaklinga og fyrirtæki, í að ná sínum markmiðum. Arion banki leggur áherslu á sanngirni með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, fjárfesta og samfélagsins alls að leiðarljósi. Á árinu 2017 var áfram unnið að innleiðingu stefnu bankans í málefnum samfélagsábyrgðar en síðla árs

2016 var ný stefna samþykkt af stjórn og kynnt starfsfólki. Yfirskrift stefnunnar er *Saman látum við góða hluti gerast*. Síðla árs 2017 gerðist Arion banki aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) en bankinn hefur frá árinu 2016 verið aðili að UN Global Compact, alþjóðlegri yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu ábyrgra starfshátta. Þá fellur Arion banki undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf þar sem fjallað er m.a. um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og mannauðsmál.

Frekari upplýsingar um þessa málaflokka má finna í ársskýrslu bankans.

Stjórn og undirnefndir

Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda samkvæmt lögum, reglum og samþykktum bankans. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiriháttar. Þá er ein af megin skyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Helstu verkefni, skyldur og hlutverk stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru m.a. með vísan til 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktu bankans. Starfsreglur stjórnar má finna á vefsíðu bankans.

Stjórn Arion banka ræður bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna störfum sínum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og traustan hátt með hagsmuni viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá sér bankastjóri til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna skyldum sínum.

Stjórn Arion banka er að jafnaði kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi Arion banka, þann 9. mars 2017, voru kjörnir átta stjórnarmenn auk þriggja varamanna. Á aukahluthafafundi sem haldin var þann 23. júní 2017 var Eva Cederbalk kjörin í stjórn bankans í stað Monicu Caneman og Þórarinn Þorgeirsson var kjörinn varamaður í stað Bjargar Arnardóttur. Þá var Steinunn Kristín Þórðardóttir kjörin í stjórn bankans í stað Guðrúnar Johnsen á aukahluthafafundi sem haldinn var 30. nóvember.

Meirihlutaeigandi bankans, Kaupskil, tilnefnir sex af átta stjórnarmönnum í stjórn Arion banka, Attestor Capital einn og íslenska ríkið þann áttunda. Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðal- og varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Núverandi stjórn er skipuð fjórum konum og fjórum körlum og gegnir kona stjórnarformennsku.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna voru sendar hluthöfum fyrir hluthafafund auk þess sem upplýsingarnar voru birtar á vefsíðu bankans fyrir aðalfundinn. Fundargerðir aðalfunda og hluthafafunda eru sendar hluthöfum bankans í kjölfar funda en hafa ekki verið birtar á vefsíðu bankans, m.a. vegna hluthafafyrirkomulags.

Stjórn hittist að lágmarki tíu sinnum á ári. Árið 2017 fundaði stjórn Arion banka 16 sinnum. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans.

Samkvæmt starfsreglum Arion banka er stjórn bankans heimilt að setja á fót undirnefndir til að fjalla um tiltekna þætti í rekstri bankans. Á fyrsta skipulagða fundi stjórnar eftir aðalfund skipar stjórn nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðipækkingu. Einn nefndarmanna endurskoðunarnefndar stjórnar, Heimir Þorsteinsson, er ekki stjórnarmaður en hann er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans. Heimir tók sæti Lúðvíks Karls Tómassonar í endurskoðunarnefnd stjórnar en Lúðvík hætti setu í áhættunefnd og endurskoðunarnefnd stjórnar í maí 2017

Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- Endurskoðunarnefnd: Meginhlutverk hennar er m.a. að yfirfara árs- og árschlutauppgjör bankans til að tryggja gæði þeirra upplýsinga sem þar koma fram og tryggja óháði endurskoðenda félagsins.

- Áhættunefnd: Meginhlutverk hennar snúa að áhættustjórnun, m.a. að meta áhættustefnu og áhættuvilja bankans auk þess að aðstoða stjórn við að tryggja skilvirkt innra eftirlit og regluvörslu og að skýrslugjöf til endurskoðenda félagsins sé í samræmi við lög og reglur.

- Lánanefnd: Meginhlutverk lánanefndar er að fjalla um lánamál sem eru umfram þær heimildir sem undirnefndir hennar hafa.

- Starfskjaranefnd: Meginhlutverk hennar er að veita stjórn ráðgjöf vegna starfskjara bankastjóra og annarra starfsmanna sem ráðnir eru beint af stjórn. Regluleg verkefni á fundum nefndarinnar eru m.a. endurskoðun á starfskjarastefnu, starfsmannastefnu, launadreifingu og endurskoðun á hvatakerfi, ef það er til staðar. Hluthafafundur yfirfer og samþykkir starfskjarastefnu bankans árlega.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um helstu störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum en auk þess hefur stjórn aðgang að öllum gögnum og fundargerðum undirnefnda.

Endurskoðunarnefnd stjórnar fundaði átta sinnum á árinu, áhættunefnd tíu sinnum, lánanefnd 16 sinnum og starfskjaranefnd fundaði fimm sinnum á árinu. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnar- og nefndarmanna.

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn (16)	Endurskoðun- arnefnd (8)	Áhættunefnd (10)	Lánanefnd (16)	Starfskjaranefnd (5)
Monica Caneman ⁽¹⁾	1. jan. - 10. maí	6	-	-	4	-
Eva Cederbalk ⁽²⁾	23. júní - 31. des.	8	-	-	5	-
Guðrún Johnsen ⁽³⁾	1. jan. - 29. nóv.	14	-	8	11	2
Brynjólfur Bjarnason	1. jan. - 31. des.	14	8	-	14	-
Benedikt Olgeirsson ⁽⁴⁾	1. jan. - 9. mars	3	-	3	3	-
Jakob M. Ásmundsson ⁽⁵⁾	9. mars - 31. des.	11	-	4	-	-
John P. Madden ⁽⁶⁾	1. jan. - 31. des.	16	-	4	-	1
Kirstín Þ. Flygenring	1. jan - 31. des.	16	7	-	-	4
Måns Höglund	1. jan. - 31. des.	16	-	10	14	-
Steinunn Kr. Þórðardóttir ⁽⁷⁾	30. nóv. - 31. des.	1	-	-	-	-
Þóra Hallgrímsdóttir	1. jan. - 31. des.	14	8	-	-	5
Björg Arnardóttir ⁽⁸⁾	1. jan. - 19. júní	0	-	-	-	-
Ólafur Ö. Svansson ⁽⁹⁾	1. jan. - 31. des.	3	-	-	-	-
Sigurbjörg Á. Jónsdóttir	1. jan. - 31. des.	0	-	-	-	-
Þórarinn Þorgeirsson ⁽¹⁰⁾	23. jún. - 31. des.	-	-	-	-	-
Heimir Þorsteinsson	26. júl. - 31. des.	-	4	-	-	-
Lúðvík K. Tómasson ⁽¹¹⁾	1. jan. - 8. maí	-	3	5	-	-


Stjórn Arion banka og undirnefndir stjórnar framkvæma árlega árangursmat þar sem þær meta m.a. störf sín, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, samsetningu stjórnar m.t.t. reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu bankastjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda m.t.t. framangreindra þátta. Þetta mat framkvæmdi stjórn og undirnefndir stjórnar síðast á tímabilinu 15. desember 2017 til 18. janúar 2018.

⁽¹⁾ Monica Caneman lét af störfum í stjórn þann 10. maí. ⁽²⁾ Eva Cederbalk var kosin í stjórn bankans á hluthafafundi 23. júní og tók sæti í lánanefnd stjórnar í desember. ⁽³⁾ Guðrún Johnsen hætti í starfskjaranefnd stjórnar í apríl og tók sæti í lánanefnd stjórnar á sama tíma. Guðrún lét af störfum í stjórn og lánanefnd bankans þann 29. nóvember. ⁽⁴⁾ Benedikt Olgeirsson lét af störfum í stjórn bankans þann 9. mars. ⁽⁵⁾ Jakob M. Ásmundsson var kosinn í stjórn bankans á aðalfundi þann 9. mars og tók sæti í áhættunefnd stjórnar í júní. ⁽⁶⁾ John P. Madden tók sæti í áhættunefnd og starfskjaranefnd stjórnar í apríl. ⁽⁷⁾ Steinunn Kr. Þórðardóttir var kosin í stjórn bankans á hluthafafundi 30. nóvember. ⁽⁸⁾ Björg Arnardóttir sagði sig úr varastjórn bankans 19. júní. ⁽⁹⁾ Ólafur Ö. Svansson tók tvisvar sæti sem varamaður fyrir Jakob M. Ásmundsson og einu sinni sem varamaður fyrir Monicu Caneman. ⁽¹⁰⁾ Þórarinn Þorgeirsson var kosinn í stjórn bankans á hluthafafundi 23. júní. ⁽¹¹⁾ Lúðvík K. Tómasson hætti í áhættunefnd og endurskoðunarnefnd stjórnar í maí en í júlí mánuði tók Heimir Þorgeirsson sæti hans í endurskoðunarnefnd.

Stjórn Arion banka



Stjórnarskipun Arion banka



Eva Cederbalk, formaður



Eva er fædd árið 1952. Hún er sænsk og býr í Svíþjóð. Eva var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 23. júní 2017. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Eva er formaður stjórnar og formaður lánanefndar stjórnar. Eva er með meistargráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics.

Eva er í dag forstjóri Cederbalk Consulting AB. Eva starfaði áður m.a. hjá Skandinaviska Enskilda Banken AB og If Skadeförsäkring AB. Hún var forstjóri Netgiro Systems AB og SBAB Bank AB og framkvæmdastjóri hjá Dial Försäkring AB. Eva hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og var meðal annars stjórnarformaður Klarna AB og sat í stjórn Gimi og Íslandsbanka. Í dag situr Eva í stjórn Bilvia AB, National Bank of Greece Group, Svolder og Ikano Group S.A.

Brynjólfur Bjarnason, varaformaður



Brynjólfur er fæddur árið 1946. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 20. nóvember 2014. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Brynjólfur er formaður endurskoðunarnefndar stjórnar og situr í lánanefnd stjórnar. Brynjólfur útskrifaðist með MBA-gráðu frá University of Minnesota árið 1973. Hann útskrifaðist með cand.oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1971. Í dag einbeittir Brynjólfur sér að stjórnarsetu í ýmsum fyrirtækjum.

Brynjólfur hefur starfað m.a. sem framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, forstjóri Skipta, forstjóri Símans og sem forstjóri Granda hf. Hann starfaði jafnframt sem framkvæmdastjóri AB bókaútgáfu og

sem forstöðumaður hagdeildar VSI. Brynjólfur hefur mikla reynslu af stjórnarsetu og hefur setið í fjölmörgum stjórnnum í gegnum tíðina og gegnt stjórnarformennsku í nokkrum þeirra.

Jakob Már Ásmundsson



Jakob er fæddur árið 1975. Hann var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 9. mars 2017. Jakob er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Jakob situr í áhættunefnd stjórnar. Jakob lauk doktorsnámi í iðnaðarverkfræði hjá Purdue University árið 2002. Árið 2000 útskrifaðist hann með MA-gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Illinois og BS-gráðu í iðnaðar- og vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.

Jakob starfar sem lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Áður starfaði hann m.a. hjá Straumi fjárfestingarbanka, fyrst sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og síðar sem forstjóri. Jakob var þar áður framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs hjá ALMC hf. og framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Straumi-Burðarás. Þá starfaði Jakob hjá Intel Corporation. Jakob sat í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja frá 2013 til 2015 og situr í dag í stjórn Solid Clouds ehf. og Jakás ehf. auk þess að vera nefndarmaður í prófnefnd verðbréfavíðskipta.

John P. Madden



John P. Madden er fæddur árið 1973. John er með bandarískan og breskan ríkisborgararétt og býr í Bretlandi. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi bankans þann 15. september 2016. John er ekki hluthafi í bankanum og er háður stjórnarmaður. John situr í áhættunefnd og starfskjaranefnd stjórnar. John útskrifaðist með BA gráðu í hagfræði frá Williams College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1996.

John starfar sem framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi ehf. sem á meirihluta hlutafjár í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt, Kaupskil ehf. John hefur jafnframt starfað hjá BC Partners, Arle, ICG frá árinu 2014. John hefur m.a. starfað hjá Arcapita Limited, fyrst í Bandaríkjunum en síðar í Bretlandi og hjá Lehman Brothers, New York. John situr í stjórn Fairhold Securitisation Limited og Noreco.

Kirstín Þ. Flygenring



Kirstín er fædd árið 1955. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 22. mars 2012 sem varamaður. Hún var svo kjörin sem aðalmaður á aðalfundi bankans 20. mars 2014. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Kirstín situr í starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd stjórnar. Kirstín lauk MA-prófi í hagfræði frá Northwestern University í Illinois í Bandaríkjunum árið 1983. Hún útskrifaðist með cand.oecon-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1980. Kirstín hefur jafnframt lokið námi í hagnýtri fjölmiðlun við Háskóla Íslands og diplómaprófi í evrópskum samkeppnisrétti frá Kings College í London.

Í dag starfar Kirstín sem sjálfstæður ráðgjafi. Kirstín hefur m.a. starfað sem nefndarmaður í Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð, stundakennari og aðjúnkt við Háskóla Íslands, sérfræðingur við Rannsóknarstofnun í fjármálum og hagfræði við Háskólann í Reykjavík og sem hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, á Hagfræðisviði Seðlabanka Íslands og hjá OECD. Kirstín hefur sinnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum auk þess að hafa setið í Úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála frá árinu 2008.

Måns Höglund



Måns er fæddur árið 1951. Hann er sænskur og býr í Portúgal. Hann var fyrst kjörinn sem aðalmaður í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Måns er formaður áhættunefndar stjórnar og situr í lánanefnd stjórnar. Måns útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1975.

Måns starfaði áður hjá Swedish Export Credit Corporation (SEK) sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu með sæti í framkvæmdastjórn bankans auk þess að hafa unnið bæði í Unibank sem forstöðumaður yfir Svíþjóð og Nordea sem forstöðumaður einkabankaþjónustu í Svíþjóð. Þá starfaði Måns hjá Swedbank m.a. sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs og hjá Götabanken í London og Stokkhólmi auk þess að hafa gegnt ýmsum störfum hjá Hambros Bank í London. Måns hefur jafnframt starfað við kennslu og rannsóknir hjá Stockholm School of Economics.

Steinunn Kristín Þórðardóttir



Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Steinunn er með MBA gráðu frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina.

Steinunn Kristín starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi auk þess að gegna stöðu forstöðumanns alþjóðadeildar fyrirtækisins á sviði matvæla og sjávarfangs. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Akton AS í Noregi og var framkvæmdastjóri þess til 2015. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), fyrst sem forstöðumaður alþjóðalánveitinga og síðar sem framkvæmdastjóri bankans í Bretlandi. Steinunn sat áður í stjórn Silver Green AS og Silver Green TC AS, Versobank AS í Eistlandi, stjórn Bankasýslu ríkisins og sem varamaður í stjórn Kredittbanken, síðar Glitnir Norway. Í dag er Steinunn meðlimur í Exedra, vettvangi umræðna fyrir fjölbreyttan hóp kvenna í atvinnulífinu, og situr í stjórn Cloud Insurance AS, Acton Capital AS og Akton AS og Bresk-Íslenska viðskiptaráðinu og er varaformaður í Norsk-Íslenska viðskiptaráðinu.

Bóra Hallgrímsdóttir



Bóra er fædd árið 1974. Hún var fyrst kjörin sem aðalmaður í stjórn bankans á aðalfundi hans 21. mars 2013 eftir að hafa setið sem varamaður í stjórn síðan á aðalfundi bankans þann 24. mars 2011. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Bóra á sæti í endurskoðunarnefnd og er formaður starfskjaranefndar stjórnar. Bóra lauk kandidateisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands árið 2000 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2002. Bóra hefur starfað sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík í váttrygginga-, samninga- og skaðabótarétti frá 2011.

Bóra hefur m.a. starfað hjá tryggingarfélögunum Tryggingamiðstöðinni hf. og Sjónvá-Almennum tryggingum hf. Í dag situr hún í stjórn Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs ses., stjórn Lögfræðingafélags Íslands og er framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga. Þá er Bóra einnig formaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna og formaður nefndar um endurgreiðslur í kvikmyndagerð.

Varamenn í stjórn eru:

Ólafur Örn Svansson, hæstaréttarlögmaður, Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur og Þórarinn Þorgeirsson, héraðsdómslögmaður.

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn má finna á vefsíðu bankans.

Samskipti stjórnar og hluthafa

Breyting varð á eignarhaldi bankans í mars 2017 þegar Kaupskil minnkaði hlut sinn um tæp 30%. Inn í hluthafahópinn komu fjórir nýir hluthafar, þrír alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir og fjárfestingarbankinn Goldman Sachs. Í lok árs 2017 fór Kaupskil ehf. með 57,41% eignarhlut Kaupþings í Arion banka hf. Kaupskil ehf. fór jafnframt með 9,99% hlut TCA New Sidecar III s.a.r.l. (félag í eigu Taconic Capital Advisors UK LLP), og 6,58% hlut Sculptor Investments s.a.r.l. (félag sem er óbeint í fullri eigu fjárfestingasjóða sem stýrt er af Och-Ziff Capital Management Group). Ríkið var í árslok eigandi 13% hlutfjár í bankanum og fór Bankasýsla ríkisins með eignarhlut ríkisins. Þá fór Trinity Investment Designated Activity Company (félag í eigu Attestor Capital LLP) með 10,44% hlut og ELQ Investors II Ltd. (félag í eigu Goldman Sachs International) með 2,57% eignarhlut.

Meginvettvangur upplýsingagjafar Arion banka til hluthafa er á löglega boðuðum hluthafafundi en samskipti milli stjórnar og hluthafa á milli funda fara að öðru leyti eftir skilvirku og aðgengilegu fyrirkomulagi. Þá hafa hluthafar, fyrir tilstuðlan stjórnar, komið á ársfjórðungslegum fundum þar sem bankastjóri kynnir árschlutauppgjör bankans.

Bankastjóri

Höskuldur H. Ólafsson

Höskuldur er fæddur árið 1959. Hann tók við stöðu bankastjóra Arion banka í júní 2010. Höskuldur er ekki hluthafi í bankanum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar. Höskuldur starfaði áður sem forstjóri Valitor hf. frá árinu 2006. Hann starfaði hjá Eimskip í 17 ár þar sem hann sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum, þar á meðal stöðu aðstoðar forstjóra fyrirtækisins. Höskuldur hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölmargra félaga og fyrirtækja hér á landi og erlendis. Höskuldur útskrifaðist með cand. oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1987. Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og stýrir bankanum ásamt framkvæmdastjórn í samræmi við stefnu stjórnar. Bankastjóri veitir stjórn skýrslur um rekstur og fjárhag bankans og öll mikilvæg atriði sem geta haft áhrif á rekstur og efnahag bankans. Um ábyrgð og skyldur bankastjóra er að öðru leyti vísað til VII. kafla laga um fjármálaafyrirtæki, og IX. kafla laga um hlutafélög. Starfsskyldur bankastjóra og ábyrgð hans taka mið af því lagaumhverfi sem um bankann gildir á hverjum tíma og þeim reglum sem stjórn bankans kann að setja.

Framkvæmdastjórn

Auk bankastjóra sitja eftirfarandi níu einstaklingar í framkvæmdastjórn Arion banka: Freyr Þórðarson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, Gísli S. Óttarsson, framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs, Iðna Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs, Lýður Þór Þorgeirsson, framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs, Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs, Jónína S. Lárusdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs, Rakel Óttarsdóttir, framkvæmdastjóri upplýsingatækisviðs, Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og Sture Stölen, forstöðumaður fjárfestatengsla.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum og dómssmál

Arion banka hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis. Upplýsingar um dómssmál tengd Arion banka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Stjórn Arion banka uppfærir stjórnarháttayfirlýsingu bankans árlega.

Stjórnarháttar yfirlýsing Arion banka var yfirfarin og samþykkt af stjórn bankans á fundi hennar 14. febrúar 2018.